



Umsögn

Viðtakandi: Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis

Sendandi: Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins

Dagsetning: 05.01.2022

Efni: Tillaga til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, þingskjal 169
— 167. mál.

Þann 17. desember 2021 barst Félagi háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins (FHSS) umsagnarbeiðni frá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Frestur til umsagnar var upphaflega veittur til 4. janúar 2022 en síðar til 7. janúar sama ár.

Með umræddri þingsályktunartillögu forsætisráðherra er leitað eftir stuðningi Alþingis við fyrirhugaða breytingu á heiti og fjölda ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Fyrirhuguð fjölgun ráðuneyta og breyting á heitum þeirra er lokaáfangi í umfangsmiklum breytingum á skipulagi Stjórnarráðs Íslands sem kynntar voru í tengslum við myndun nýrrar ríkisstjórnar í lok nóvember sl.

Innan Stjórnarráðsins er að finna gífurlega þekkingu og reynslu af stefnumörkun og stefnumótun. Má það að vissu leyti rekja til þess að á undanförmum árum hefur markvisst verið unnið að því að innleiða trausta og vandaða þekkingu á þeim sviðum hjá sérfræðingum Stjórnarráðsins, m.a. með námskeiðum á vegum Stjórnarráðsskólans. FHSS er ekki kunnugt um að þessi þekking sérfræðinga Stjórnarráðsins hafi verið nýtt sem skyldi í undirbúningi þeirra breytinga á skipan ráðuneyta sem nú stendur til að festa í sessi. FHSS bendir á mikilvægi þess að nefndin beini því til forsætisráðuneytisins að viðhaft verði fullnægjandi samráð við sérfræðinga Stjórnarráðsins um innleiðingu fyrirhugaðra breytinga.

Þá leggur FHSS ríka áherslu á að við innleiðingu fyrirhugaðra breytinga verði gætt að lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, kjarasamningum og stofnanasamningum og tryggt verði að enginn sérfræðingur Stjórnarráðsins beri skarðan hlut frá borði í kjölfar breytinganna.